



25.fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga haldinn í Hveragerði 16.janúar 2018 kl. 13:00.

Mætt: Ari Björn Thorarensen, Sveinn Steinarsson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Arna Ír Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð í tölvu. Einnig situr fundinn Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður HÁ.

1. Lífeyrissjóðsmál stofnana Héraðsnefndar Árneseinga

Lagt er til að hver og ein stofnun HÁ taki lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til greiðslu lífeyrisskuldbinginga skv. samkomulagi til þess að fjármagna uppgjör við Brú lífeyrissjóð, að heildarupphæð kr. 69.780.251,- fyrir allar stofnanir, vegna breytinga á A-deild sjóðsins. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu lána, ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld óskipt ábyrgð eftirfarandi 8 sveitarfélaga :, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, , Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg og Sveitarfélagið Ölfus, sbr. heimild í 2.mgr. 69 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setja sveitarfélögin til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68.gr. sömu laga. Samkomulag um lánagreiðslur við Brú lífeyrissjóð þarf að taka fyrir í stjórnnum allra stofnana Héraðsnefndar þar sem það er samþykkt formlega. Fjárhaldsmaður HÁ mun senda stofnununum gögn vegna lántökunnar.

2. Launakjör fulltrúa í Héraðsnefnd Árneseinga og framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar

Framkvæmdastjórn felur fjárhaldsmanni að koma með tillögur að launasetningu fulltrúa í HÁ og framkvæmdastjórnar HÁ á haustfundi 2018 samhliða vinnu við fjárhagsáætlunargerð ársins 2019.

3. Hrísholt

Fyrir liggur kaupsamningur milli Héraðsnefndar Árneseinga og Svf. Árborgar um kaup Svf. Árborgar á húseigninni að Hrísholti 8. Formanni HÁ falið að skrifa undir samninginn fyrir hönd HÁ.

4. Vorfundur 2018

Lagt er til að vorfundur HÁ verður haldinn miðvikudaginn 18.apríl. Reiknað er með fundurinn standi frá kl. 9-16 og kvöldverður verði þar sem þeir sem eru að hætta í sveitastjórnnum verða kvaddir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:30.

Arna Ír Gunnarsdóttir (sign)

Sveinn Steinarsson (sign)

Halldóra Hörleifsdóttir (sign)

Ari Björn Thorarensen (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir (sign)